

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning á Eyri við Reyðarfjörð vegna breytinga á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2014/149

Forsíðumynd: Tóft við Höfðavík



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2014/149

Efnisyfirlit

INNANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
UM SKRÁNINGU VEGNA SKIPULAGS.....	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
SÖGUÁGRIP	5
FORNLEIFASKRÁNING.....	7
MINJAR Í TÚNI	7
BISKUPSHÖFÐI.....	20
MINJAR UTAN SKRÁNINGARSVÆÐIS	27
ÓSTAÐSETTAR OG HORFNAR MINJAR	28
MINJAR YNGRI EN 100 ÁRA	36
SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....	38
HEIMILDIR.....	40

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar á hluta eyðjarðarinnar Eyri í Reyðarfirði að beiðni sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Skráningin var unnin vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 þar sem gert er ráð fyrir að breyta skilgreiningu á landnotkun á svæðinu úr landbúnaðarsvæði í hafnar- og iðnaðarsvæði. Svæðið sem um ræðir er 112 ha. og við afmörkun þess við vettvangsskráningu var stuðst við skipulagsupphrátt frá Fjarðabyggð sem gerður var af Alta. Vettvangsskráning fór fram 10. júlí 2014 og var unnin af Bryndís Zoëga landfræðingi.

Sérstakar þakkir fá landeigendur fyrir veitt leyfi til fornleifaskráningar, heimildamenn þau Elísabet Benediktsdóttir og Halldór Jónasson og Jóhann Zoëga fyrir aðstoð við vettvangsskráningu.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹

Um skráningu vegna skipulags

16. gr.

Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.²

¹ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 16.07.14.

² Sama.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer og hlaupandi númer, t.d. fær bæjarstæðið númerið 1 (auðkennt Eyri - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Minjastofnunar Íslands en hún hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Eyri - 1, Fvrnr.14668.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Fjarðabyggðar.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Söguágrip



Mynd 1. Bæjarstæðið á Eyri við Reyðarfjörð.

Eyrar er líklega fyrst getið í manntali 1703 en þá eru þar fjórir skráðir til heimilis. Flestir eru heimilismenn 19 um 1890 og 1901. Tvíbýli var stundum á Eyri á 19. og 20. öld³ og þar var auk þess húsmannsbýli í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20.⁴ Aðstaða til útræðis var góð og sjór var sóttur frá Eyri fram undir 1950.⁵

Eyri var klausturjörð í eigu Skriðuklausturs, og að fornu metin á 6 hundruð⁶ en með nýju jarðamati 1861 varð matið 8,9 hundruð.⁷ Í Fasteignamati 1916 var heildarmat jarðarinnar 10.500 kr. og eru þar með talin húseign húsmanns (100 kr.) og húseign þeirra Finnboga Erlendssonar og Finnboga Þorleifssonar.⁸ Prestur lýsir jörðinni svo í lýsingu Hólmasóknar frá 1843: „Þar er tún harðskafalegt og mjög lítill og reytingssamur úttheyskapur en landgæði allgóð og útigangur, einkum bitfjara, og landrými, þar er og mótak. Eyri er ysti bær í

³ Sbr. manntal 1835 og 1855 á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands.

⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 13.08.2014; Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, 174.

⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174.

⁶ J. Johnsen, 376; Sýslu- og sóknalýsingar, 380.

⁷ Ný jarðabók fyrir Ísland, 144.

⁸ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Skoðaður þann 30.07.14.

Hólmasókn sunnan fjarðar, nærsti bær þar fyrir utan er Berunes í Kolfreyjustaðasókn og skilur sokallaður Merkihöfði lönd þessara jarða og sóknirnar.“⁹

Í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er Eyri skráð eyðijörð með landnúmer 158194. Ræktað land er 8,5ha og byggingar eru fjós frá 1950 og íbúðarhús frá 1912.¹⁰ Eignarhald er dreift. Eyri hefur verið í eyði síðan 1974.¹¹

Húsmannsbýli á Biskupshöfða

Húsmannsbýli var á svonefndum Biskupshöfða og segir í Sveitum og jörðum að það hafi að líkindum verið í byggð frá því um 1890-1915.¹² Í búskaparannál Sveita og jarða er vitnað í fasteignamat frá 1918 og þar er Erlendur Finnbogason sagður húsmaður með 100 fjár.¹³ Þarna virðist vera ósamræmi í heimildinni varðandi búsetu á Biskupshöfða þar sem að húsmannsbýlið virðist hafa verið í byggð 1918. Í manntali frá 1880 eru foreldrar húsfreyjunnar á Eyri þau Finnbogi Erlendsson og kona hans Elíná Þorsteinsdóttir skráð sem vinnuhjú. Tíu árum síðar er Finnbogi skráður húsmaður og hefur þá að líkindum verið búið að reisa býlið á höfðanum. Árið 1901 eru þrír leigjendur skráðir til heimilis að Eyri, þeir Magnús Erlendsson, Erlendur Finnbogason, sonur þeirra Elínu og Finnboga, og Eiríkur Arnson [svo] ásamt eiginkonum sínum. Árið 1910 er Erlendur Finnbogason skráður húsmaður en aðrir leigjendur eða húsmenn eru ekki skráðir það ár.¹⁴ Í ágústmánuði 1898 var mælt út og ákveðið hússtaði og túnblettur þurrabúðarmanns Steins Jónssonar á Biskupshöfða. Í úttektinni segir að íbúðarhús standi á höfðanum.¹⁵

Eyrarstekkur

Í örnefnaskrá er þess getið að búið hafi verið á Eyrarstekk og segir að þar hafi síðast búið maður að nafni Þórólfur. Orðalag í örnefnaskrá bendir til þess að fleiri hafi búið á stekknunum en Þórólfur¹⁶ en aðrar heimildir um búsetu þar fundust ekki og því óvíst hversu lengi var búið þar.

Nýbýlið Sólvellir

Árið 1947 var stofan nýbýli á Eyri sem fékk nafnið Sólvellir. Ábúendur voru þau Jónas Jónsson og Arnfríður Þorsteinsdóttir ásamt börnum sínum. Íbúðarhúsið sem var 9x6m að flatarmáli¹⁷ skemmdist vegna sigs og fluttu ábúendur þá á Reyðarfjörð.¹⁸

⁹ Sýslu- og sóknalýsingar, 380.

¹⁰ Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. www.skra.is. Skoðuð þann 30.07.14

¹¹ Hjörleifur Guttormsson, 8.

¹² Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174.

¹³ Sama.

¹⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 13.08.2014

¹⁵ Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Stofn 131. Múl 46-18.

¹⁶ Nafnið Þórólfur er ekki skráði í Manntalsvef þ

¹⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174-175.

¹⁸ Munnleg heimild. Elísabet Benediktsdóttir 09.09.14.

Fornleifaskráning



Mynd 2. Horft til suðausturs yfir bæjarhólinn (nr. 1). Vegur sem var upphlaðinn á kafla lá frá bænum í átt til bæjarlækjar og að fjárhúsunum sem voru hinu megin lækjar. Við íbúðarhúsið (1912) eru leifar steinsteypts fjóss (1950) og vinstra megin við það steypdur súrheysturn (mögulega frá því um 1960).

Minjar í túni

Eyri-1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: *Engin hættu. Hættu skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Bæjarhóllinn eða bæjarstæðið er rúmlega 40m norðan og neðan Þjóðvegur (Vattarnesvegur nr. 955).

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 40x45m að utánmáli, ekki hár en hallar af honum til norðvesturs í átt að bæjarlæknum og norðurs og austurs niður á tún. Steinsteypt íbúðarhús stendur austanvert á bæjarstæðinu og norðvestan þess leifar af steypu fjósi. Norðvestan við íbúðarhúsið og suðvestan fjóssins eru hleðslur og m.a. grunnur byggingar sem búið er að rífa. Elísabet Benediktsdóttir sagði að þar hefði áður staðið braggi (munnl. heimild. 09.09.14).



Mynd 3. Íbúðarhúsið (nr. 2) á Eyri 10. júní 2014. Ljósmynd: Jóhann Zoëga.

Eyri-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hús

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Íbúðarhúsið á Eyri er steinsteypt hús, 2 hæðir auk kjallara. Það stendur í túni, rúmlega 50m norður af Þjóðvegi (Vattarnesvegi nr. 955).

Lýsing

Í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er byggingarár íbúðarhússins á Eyri skráð 1912 (Fastanúmer 217-6948). Það er því friðað samkvæmt 29. grein laga um menningarminjar (*Lög nr. 80/2012*) þar sem segir að öll hús og mannvirki eldri en 100 ára séu friðuð. Heimildum ber ekki saman um hvenær húsið er byggt en í Sveitum og jörðum segir að húsið sé byggt 1914 (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174) og í fasteignamati frá 1930 er húsið sagt byggt 1915 (Héraðsskjalasafn Austurlands. Stofn 38. S-Múl 134-1). Elísabet Benediktsdóttir einn eiganda hússins telur að húsið sé byggt 1912 (munnl. heimild 09.09.14)

Aðrar upplýsingar

Fasteignamat 1916: Íbúðarhús 13x11 áln. úr steinsteypt með járnþaki, geymsluhús 5x6 áln. fjós fyrir 3 naut.

Fasteignamat 1930: Steinhús, portbyggt. 8,2x6,2x5. Ris 1,5. Einfaldir steinveggir, járnþak á pappalagðri súð. Allt innanbyggt og málað. 8 herbergi, 2 gangar. Kjallari undir öllu húsinu, steypst skilrúm og gólf í hálfum kjallaranum. Þar fjögur herbergi ópiluð. Fjós er í einu herbergi (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Friðun

Úr lögum um menningarminjar nr. 80/2012. 29. gr. „Friðuð mannvirki: Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.“

Eyri-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Hættu skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.

Staðhættir

Eitthvað frameftir 20. öld var fjósið í kjallara íbúðarhússins sem var að líkindum byggt 1912. Nýtt steinsteypt fjós var reist árið 1950 (Heimasíða Þjóðskrár Íslands. www.skra.is. Skoðuð þann 10.09.14).

Aðrar upplýsingar

Fasteignamat 1916: „ (...) fjós fyrir 3 naut (...)“ (Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands: Fasteignamat 1916-1918).

Fasteignamat 1930: „Kjallari undir öllu húsinu, steypst skilrúm og gólf í hálfum kjallaranum. Þar fjögur herbergi óþiljuð. Fjós er í einu herbergi.“ og „Fjós fyrir 4 kýr í húskjallaranum.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).



Mynd 4. Horft er til vesturs á hleðslu nr. 2. Lengst til hægri sést í fjósvegg (1950).

Eyri-4

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hættu. Hættu skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.

Staðhættir

Um það bil á miðju bæjarstæðinu rúma 5m norðvestur af íbúðarhúsinu (nr. 2) er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan liggur í vinkel og er í allt um 9m löng og 30-60sm há. Hlutverk er óvíst en hugsanlega eru þarna leifar veggjar eða húsgrunns.

Eyri-5

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í túninu 20m SSV eða uppaf af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, líklega gripahús og hlaða eða heytóft. Hún snýr NNA/SSV og er 7x13m að utanmáli. Dyr hafa að líkindum snúið til NNA. Útlínur eru greinilegar en veggir lágir, mest um 20sm á hæð og 1,5m á breidd. Tóftin er algróin grasi. Steyptur veggur og grjót er í tóftinni, leifar af seinni tíma mannvirki.



Eyri-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í túninu 50m suðvestur af íbúðarhúsinu er dæld.

Lýsing

Dældin er um 20sm djúp, 5x9m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hlutverk er óþekkt en þarna gæti hafa staðið mannvirki af einhverju tagi.



Mynd 5. Í neðra horni vinstra megin sést vatnsfyllt hola, hugsanlega brunnur eða náttúruleg lind. Til hægri sést bæjarlækurinn en hann rennur skammt vestan við bæinn.

20sm djúp og þúfnakragi er meðfram brúnum hennar. Heldur styttra hefur þó verið að fara í bæjarlækinn bæði frá fjárhúsum og bæjarhólnum. Þarna hefur mögulega verið mýri en búið er að grafa skurði bæði norðan og vestan við holuna sem hefur þurrkað land.

Eyri-7

Hlutverk: Vatnsból, brunnur

Tegund: Niðurgröftur, lind

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Um 100m vestur af íbúðarhúsinu, vestan bæjarlækjar er niðurgröftur eða náttúruleg hola.

Lýsing

Niðurgröfturinn/holan er full af vatni og hugsanlega hefur verið þarna vatnsból, annaðhvort brunnur eða náttúruleg lind. Holan er um

Eyri-8

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Hryggur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Um 80m norðvestur af íbúðarhúsinu eru hryggir í túninu, líklega beðasléttur. Parna hallar túninu í mót austri og norðaustri.

Lýsing

Slétturarnar eru þrjár, tvær þeirra eru hlið við hlið en sú þriðja um 15m norðar. Lengsta sléttan er um 30m löng, tæplega 3ja metra breið og 20-30sm á hæð en hinar eru styttri eða 10-15m langar en breiddin nokkuð svipuð. Allar eru slétturarnar, grasi og mosa grónar.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1903 segir: „Í túnasléttur skilar fráfarandi 426 ferföðmum eru þá innifaldir 35 ferfaðmar sléttaðir fyrir framan, bæjarlæk en hin sléttan er fyrir utan lækinn, vantar þá 54 ferfaðma uppá hina tilskyldu túnaslétta samkvæmt byggingarbréfi fráfaranda (...).“ (Stofn 131. Múl 46-16). Í Búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „1920-’36: Þaksléttaðir um 2 ha. í túni, en um ein dagsl. fyrir ’20. Gerðar með hestaverkfærum um 2 ha., sléttur í túni ’36-’45, sáðsléttur frá ’39“ (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).



Mynd 6. Beðasléttur í túninu, vestan bæjar. Horft er til austurs.

Eyri-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Tæplega 60m norðaustur af íbúðarhúsinu, upp af læknum sem rennur í gegnum túnið austan við húsið, er dæld.

Lýsing

Dældin er mest um 30sm djúp og meðfram köntum hennar eru litlar þúfur, mögulega veggjaleifar. Dældin er algróin grasi.



Mynd 7. Horft er til suðaustur. Fremst á mynd er dæld nr. 9 en á bakvið sést íbúðarhúsið á Eyri (nr. 2).

Eyri-10

Hlutverk: Óþekkt, framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætt. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestan við bæjarlækinn er niðurgröftur, hugsanlega handgrafinn skurður.

Lýsing

Niðurgröfturinn er rúmlega 60m langur og liggur VSV/ANA. Hann endar við bæjarlækinn rétt suður af ósnum þar sem að lækurinn rennur til sjávar. Breidd er um 20-30sm og dýpt 30-40sm.

Eyri-11

Hlutverk: Óþekkt, framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætt. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Á vesturbakka bæjarlækjarins, um 50m norður af íbúðarhúsinu er niðurgröftur, hugsanlega handgrafinn skurður.

Lýsing

Niðurgröfturinn liggur frá bæjarlæknum til norðvesturs og er um 12m langur, 30sm djúpur og 20-30sm breiður.



Mynd 8. Matjurtagarður á vestanverðum lækjarbakka. Horft er til norðausturs.

Eyri-12

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: *Engin hætt. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Bæjarlækurinn rennur í gegnum túnið og til sjávar, vestan við bæinn. Á vesturbakka lækjarins, tæpa 100m NA af íbúðarhúsinu er garðlag sem helst minnir á matjurtagarð.

Lýsing

Garðlagið myndar ferhyrning og

snýr NA/SV, 5x7m að utamáli. Veggir eru grónir grasi og mosa og er mest um 30sm háir og 50-70sm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Úr fasteignamati frá 1918: „Annað: Túngirðing 800 m, lítill sáðgarður og túnslétt tæp dagslátt.“ (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).

Eyri-13

Hlutverk: Óþekkt, mylla

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Bæjarlækurinn rennur í gegnum túnið vestan við bæinn. Á lækjarbakkanum vestanverðum um 7m norðaustur af garðlagi nr. 12 og rúmlega 100m norðaustur af íbúðarhúsinu er niðurgröftur og lítur út fyrir að vatni hafi verið veitt úr læknum og í hann aftur rúmlega 15m neðar.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 12m langur og um 1m á breidd þar sem hann er breiðastur. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið vatnsmylla.



Mynd 9. Horft er til norðvesturs yfir bæjarlækinn. Vinstra megin við miðja mynd má sjá vatnsrás þar sem virðist vera að vatni hafi verið veitt úr læknum og í hann aftur neðar.



Mynd 10. Leifar sjóhúsa í fjörunni neðan við bæinn. Í baksýn sést í íbúðarhúsið á Eyri.

Eyri-14

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu*

Staðhættir

Í fjörunni neðan við bæinn, 140m NNA af íbúðarhúsinu eru tóft og húsgrunnur.

Lýsing

Þarna voru sjóhús og eru þau að hluta byggð úr grjóti og mögulega torfi og að hluta steyp. Tóftin er 8x8m að utanmáli og snýr NNA-

/SSV. Dyr hafa snúið mót sjónum til NNA. Í SSV af tóftinni er gróinn hól og í honum sjáanleg grjóthleðsla að austan. Framan við eru leifar af steypum veggjum og utan með tóftinni er steypur kantur. Veggir eru mest um 1m á hæð. Mögulega er hóllinn leifar af eldri byggingu sem að steypiti hluti hússins hefur verið byggður á eða við.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1903 segir: „Fiskihús við sjóinn.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Í myndatexta í Sveitum og Jörðum segir: „Gamalt sjóhús með lofti um 10x6 álnir.“ (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174). Í fasteignamati frá 1930 segir: „Sjóhús 4x3x3, ris 1,5, grjót, timbur, járnþak.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Eyri-15

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í fjörunni neðan við bæinn, 140m NNA af íbúðarhúsinu eru leifar sjóhúss (nr. 14) og austan við þau er tóft og garðlag.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og múr er á milli steina. Óvíst er hvort alltaf hafi verið múr á milli eða hvort að það er seinni tíma viðgerð. Veggir eru 30-80sm háir, hrunið úr þeim á kafla, og mest rúmlega 1m á breidd. Grjóthleðslur sjást greinilega en tóftin er að öðru leyti grasi og mosa gróin og að nokkru hlaupin í þúfur. Tóftin liggur NA/SV, 4x4m að utanmáli og hafa dyr snúið mót NA. Garðlag liggur frá tóftinni að austan og myndar stóra rétt með veggjum til suðurs, austurs og norðurs. Veggur er ekki greinanlegur til vesturs en þar er þýft og mögulegt að þúfurnar séu leifar veggjar. Samkvæmt heimildamanni var þarna hrútakofi (munnl. heimild: Halldór Jónasson 09.09.14).

Aðrar upplýsingar

Í myndatexta í Sveitum og jörðum er sagt að hrútakofi sé fyrir 6 (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).

Eyri-16

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í fjörunni neðan við bæinn, 140m NNA af íbúðarhúsinu eru leifar sjóhúss (nr. 14) og austan við þau er tóft (nr. 15) og garðlag.

Lýsing

Garðlag liggur frá tóft nr. 15 að austan og myndar stóra rétt með veggjum til suðurs, austurs og norðurs. Veggur er ekki greinanlegur til vesturs en þar er þýft og mögulegt að þúfurnar séu leifar veggjar. Veggir eru 30-60sm háir og mest um 1m á breidd, veggir þýfðir og grasi grónir. Samkvæmt heimildamanni var þetta hrútakofi og rétt (munnl. heimild: Halldór Jónasson 09.09.14).

Eyri-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Gróðurbreytingar

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í túninu austan við bæjarlækinn, tæpa 80m norðaustur af íbúðarhúsinu er svæði sem sker sig nokkuð úr túninu vegna litamismunar á gróðri.

Lýsing

Svæðið er um 6x6m að ummáli. Engin veggjalög eru greinileg en þarna hefur mögulega staðið einhvers konar mannvirki.

Eyri-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Gróðurbreytingar

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í túninu austan við bæjarlækinn, tæpa 60m norðaustur af íbúðarhúsinu er svæði sem sker sig nokkuð úr túninu vegna litamismunar á gróðri.

Lýsing

Svæðið er um 7x8m að ummáli. Engin veggjalög eru greinileg en þarna hefur mögulega staðið einhvers konar mannvirki.

Eyri-19

Hlutverk: Mógröf, torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Austan heimatúnsins, niður við fjöru, um 270m norðaustur af íbúðarhúsinu er niðurgröftur

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 150m² að stærð með reglulegum köntum í norðurenda. Líklega hefur verið þarna mógröf eða torftökusvæði. Ofan eða norðan við niðurgröftinn er mýri. Hugsanlega er um náttúrumyndun að ræða.

Eyri-20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestan við áros Eyrarár er melur og vestan við hann grjóthleðsla, tæplega 500m ANA af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Grjóthleðslan er hlaðin upp við melinn og er um 14m löng og 60sm há þar sem hún er hæst. Nokkuð er hrúnið úr hleðslunni sem er vel greinileg en einnig gróin, grasi, mosa og lyngi. Hún liggur NNA/SSV og við syðri endann beygir hleðslan um 1m út frá melnum til vesturs.



Mynd 11. Grjóthleðsla undir mel. Horft er til norðausturs.

Eyri-21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestan við áros Eyrarár er melur og sunnan í honum steinalögn eða samansafn af grjóti. Hún er um 480m austur af íbúðarhúsinu.



Mynd 12. Steinalögn suður undir mel. Horft er til NNA.

Lýsing

Óvíst er hvort að um er að ræða manngerða steinalögn eða náttúrumyndun. Töluvert grjót er þarna á afmörkuðu svæði, 8x10m að ummáli. Engar greinilegar hleðslur sjást en á nokkrum stöðum eru steinarnir í beinum línunum. Grjót er á og við melinn umhverfis steinalögnina en hún sér sig úr vegna magns grjótsins.



Mynd 13. Horft yfir mógröf nr. 21 til norðurs.

Eyri-22

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestan Eyrarár, ofan þjóðveg, um 400m ASA af íbúðarhúsinu er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er tæplega 1000m² að flatarmáli og um 1m þar sem hún er dýpst.



Eyri-23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir


Í móa um 250m norðvestur af íbúðarhúsinu er smá hóll sem er sléttur að ofan.

Lýsing

Engin veggjalög eru greinanleg á hólnum sem er 4x5m að ummáli.

Hann er sléttur að ofan og gróður

ljósari að lit en gróðurinn umhverfis. Ofan á hólnum sem er mosa og lyngi gróinn eru litlir steinar. Hóllinn er sléttur að ofan og kann að hafa staðið þar eitthvert mannvirki en ekki er hægt að fullyrða þar um.



Eyri-24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í austanverðu lækjargili, tæpa 400m NV af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr eða hlið snúið til norðurs. Veggir eru grasi og mosagrónir, 20-50sm háir og mest tæpur metri á breidd. Þeir eru að hluta hrundir og hlaupnir í þúfur.

Eyri-25

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Tæplega 500m NV af íbúðarhúsinu og 100m SA af Biskupshöfða er niðurgröftur, gömul mógröf.

Lýsing

Mógröfin er algróin, um 270m² að stærð og dýpt er um 70-90sm.

Aðrar upplýsingar

Úr búskaparannál: Í fasteignamati frá 1918 er mótak sagt allgott en engin torfrista (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).



Mynd 14. Horft er yfir mógröfina til suðurs.



Mynd 15. Horft er til suðausturs yfir niðurgröftinn, til hægri sést glitta í þjóðveginn.

Annar niðurgröftur er tæpum 20m norðar og liggur hann á skurðbakka og er rofinn af honum. Hann er mest um 60sm djúpur og er 6x9m að ummáli. Meintar mógrafir eru í móum neðan vegar þar sem búið er að grafa skurði til framræslu.

Aðrar upplýsingar

Úr búskaparannál: Í fasteignamati frá 1918 er mótak sagt allgott en engin torfrista. (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).

Eyri-26

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í aflíðandi brekku, tæplega 630m vestur af íbúðarhúsinu á Eyri, neðan þjóðvegur er niðurgröftur, mögulega leifar mógrafa.

Lýsing

Niðurgröfturinn er fremur ógreinilegur en virðist vera um 10x50m að utanmáli og mest um 50sm djúp.



Eyri-27

Sérheiti: Eyrarstekkur

Hlutverk: Stekkur, híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í aflíðandi brekku, tæplega 650m vestur af íbúðarhúsinu á Eyri og 20m norðan eða neðan þjóðvegur er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 6x10m að utanmáli og snýr austur/vestur, rétt til vesturs og kró til austurs. Dyr eða hlið hefur verið til norðurs á réttinni og líklega einnig á krónni en þær eru hrundar. Veggir eru grónir grasi og mosa og að nokkru hlaupnir í þúfur. Þeir eru 20-40sm háir og mest um 1,5m á breidd. Tóftin stendur á hól og er að líkindum byggð á eldri minjum og sunnan við er lítið hólf, mögulega hluti eldri minja.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Eyrar segir: „Í Höfðamýri ofan við Biskupshöfða var Eyrarstekkur (Stekkur). Þar bjó síðast maður að nafni Þórólfur.” (Örnefnaskrá Eyrar, 3).

Eyri-28

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Í aflíðandi brekku, tæplega 650m vestur af íbúðarhúsinu á Eyri og 20m norðan eða neðan þjóðvegur er stekkjartóft (nr. 27) og sunnan hennar önnur tóft eða hluti tóftar, mögulega eldri minjar.

Lýsing

Tóftin er 1,5x2m að utanmáli, veggir eru lægri en á stekkjartóftinni, mest um 20sm háir og mest tæplega 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa.

Eyri-29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.

Staðhættir


Í aflíðandi brekku, tæplega 650m vestur af íbúðarhúsinu á Eyri og 20m norðan eða neðan þjóðvegur er stekkjartóft (nr. 27) og á sunnanverðum skurðbakka um 30m norðvestur af henni er önnur tóft.


Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr snúið mót norðri. Hún er 3,5x4,5m að utanmáli og veggir eru 30-50sm háir, grónir grasi og mosa. Þeir eru mest um 1,5m á breidd, nokkuð hrundir og þýfðir og er umhverfi tóftarinnar einnig þýft. Tóftin er ógreinilegri en fyrirnefnd stekkjartóft (nr. 27) og virðist eldri.



Biskupshöfði





Eyri-30

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir


Á Biskupshöfða um 670m norðvestur af íbúðarhúsinu er tóft, líklega bæjartóft frá því að búið var í höfðanum. Hún er í brekku suður undir háhöfðanum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 7x10m að utanmáli og snýr NA/SV. Veggir eru grjóthlaðnir, 40-120sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru grasi og mosa grónir að ofan en grjóthleðslurnar sjást. Nokkuð er hrúnið úr veggjum, sem eru hærri í vestara hólfinu.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum segir um ábúð á höfðanum: „Innan við bæ gengur höfði fram í fjörð og heitir Biskupshöfði. Þar var búið, líklega frá því um 1890 og fram undir 1915.” (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174). Í örnefnaskrá Eyrar segir: „Þá kemur Höfðavík, kennd við Biskupshöfðann fyrir innan víkina. Biskup var á Hólmum (vísiteraði) og áreitti prest á Hólmum. Prestur lét ýta biskupi á fjöl út í sjó í Biskupsbás í Hólmalandi, en fjölinu rak suður á Biskupshöfðann. Á höfðanum var búið, og bjó þar síðastur Steinn Jónsson.” (Örnefnaskrá Eyrar, 1).



Eyri-31

Hlutverk: Útihús, fjárhús

Tegund: Tóft


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Um 15m vestur af tóft nr. 30 er önnur tóft í brekkunni suður undir háhöfðanum.

Lýsing

Tóftin liggur í brekku og snýr NNV/SSA, 3x6m að utanmáli. Hún er tvískipt, kró til suðurs en heytóft til norðurs. Veggir eru 20-120sm háir og rúmlega 1m á breidd, nokkuð hrundir og að verða þýfðir. Þeir eru lægri heytóftinni. Grjót sést í veggjum, einkum til suðurs en annars eru þeir að mestu grónir grasi og mosa.



Eyri-32

Hlutverk: Útihús, fjárhús

Tegund: Tóft


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Syðst á Biskupshöfða, upp við túngarðinn (nr. 37) sem girðir af höfðann er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur, 5x7m að utanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir og nokkuð hrundir, grónir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru 30-80sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Dyr hafa verið til norðurs á austara hólfi en ekki var hægt að greina dyr á því vestara.



Eyri-33

Hlutverk: Óþekkt, sjóhús, sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestast á Biskupshöfða, við Höfðavík er grjóthlaðin tóft við fjöruna.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA, með dyr til SA. Hún er 4x5m að utanmáli, grjóthlaðin og sér í hleðslur en gras og mosi er ofan á veggjum. Töluvert er hrúnið úr veggjum en þeir eru þó á köflum stæðilegir, 30-120sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Grjóthlaðinn garður liggur að tóftinni að norðan og frá henni að sunnan. Þessi garður

girðir höfðann af.

Eyri-34

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestast á Biskupshöfða, við Höfðavík er grjóthlaðin tóft við fjöruna (nr. 33) og 8m suðaustan hennar er þúst.

Lýsing

Þústin er regluleg að lögun, 30sm há og tæplega 2x2m að utanmáli. Hún er algróin grasi og mosa.

Eyri-35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestast á Biskupshöfða, við Höfðavík er grjóthlaðin tóft við fjöruna (nr. 33) og rúmlega 10m sunnan hennar, utan við túngarð (nr. 37) er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 40sm djúpur og rúmlega 1m að þvermáli.



Eyri-36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, garðlag

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Vestast á Biskupshöfða, við Höfðavík er grjóthlaðin tóft við fjöruna (nr. 33) og tæplega 30m suðaustur af henni er ógreinileg tóft eða garðlag

Lýsing

Tóftin/garðlagið liggur austur/vestur, 3,5x4,5m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, 10-30sm háir og mest um 1m á breidd, þeir eru grasi og mosa grónir. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða en nokkuð slétt er innan meintra veggja en þeir sjálfir þýfðir sem og umhverfis þá.

Eyri-37

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Grjóthlaðinn garður girðir af Biskupshöfða.

Lýsing

Garðurinn liggur í hálfhring sunnan við Biskupshöfðann og girðir allan höfðann af. Hann er á köflum grjóthlaðinn en að austan er hann bæði hlaðinn úr torfi og grjóti og er þá grjóthleðslan að utan en torfið að innanverðu. Hann er hæstur um 70sm og stæðilegastur mót austri en annarsstaðar eru hleðslur að einhverju leyti hrundar. Mesta breidd er um 1,5m.



Mynd 16. Horft er eftir garðinum til suðvesturs. Hann er torfhlaðinn að innanverðu en grjóthlaðinn að utan.

Garðurinn er um 150m langur en hann er rofinn á kafla að suðvestan, að líkindum vegna þess að þar hefur í seinni tíð verið grafinn skurður.

Aðrar upplýsingar

Úr búskaparannál: „Hlaðinn grjótgarður þvert fyrir Biskupshöfða, og hafa þar sennilega verið beitarhús auk áðurnefnds afbýlis.” (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).



Mynd 17. Horft er til vesturs. Í vinstra horni að neðan sést í túngarðsenda (nr. 37) neðarlega fyrir miðju, þúfur eða þýft veggjalag.

umhverfis um 1m breiður þúfnakragi, mögulega torfhlaðinn veggur. Þúfurnar eru 20-30sm háar, grónar grasi og mosa um 3m í þvermál. Sunnan við niðurgröftinn er einnig svolítið vatn og virðist vera uppspretta þar. Mögulega hefur þarna verið vatnsból.

Eyri-38

Hlutverk: Óþekkt, brunnur, vatnsból

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Rúmlega 10m vestur af tóft nr. 32 er niðurgröftur með vatni í og umhverfis hann eru þúfur, hugsanlega veggjaleifar.

Lýsing

Niðurgröfturinn virðist vera um 20sm djúpur og í honum er vatn og

Eyri-39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Á norðaustanverðum Biskupshöfða eru mögulega tóftaleifar fram á sjávarbakka, um 35m frá bæjartóftinni (nr. 30).

Lýsing

Veggir tóftarinnar eru lágir eða rétt um 10-30sm háir og mest um 50-70m á breidd. Þeir eru grasi grónir og annaðhvort jarðsokknir eða að þeir hafa rofnað og síðan gróið yfir þá. Veggir eru hærri og greinilegri til suðurs. Tóftin snýr austur/vestur og er opin mót vestri þar sem mögulega hafa verið dyr.



Eyri-40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Á norðaustanverðum Biskupshöfða eru mögulega tóftaleifar fram á sjávarbakka. Um 4m suðvestur af tóft nr. 39 er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og virðist hafa verið a.m.k. tvískipt. Hún er 3x6m að utanmáli. Eitt hólfi er nokkuð greinilegt til austurs og hafa dyr verið á því mót norðri. Þar vestan við hefur mögulega verið annað hólfi en vesturveggur þess er illgreinanlegur. Veggir eru 10-40sm háir, smáþýfðir og grónir grasi og mosa. Þeir eru mest tæpir tveir metrar á breidd.

Eyri-41

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Tæplega 20m austur af bæjartóftinni (nr. 30) er niðurgroftur þar sem mögulega hefur verið tekið torf.

Lýsing

Niðurgrofturinn er um 6x7m að ummáli og um 20sm djúpur, algróinn.

Eyri-42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Innan við austurhluta túngarðsins (nr. 37) sem girðir af Biskupshöfða er þúst eða þýft svæði sem sker sig úr umhverfi.

Lýsing

Þústin er 3x5,5m að utanmáli og sker sig úr umhverfi vegna litamismunar á grasi sem bent getur til að þarna hafi verið mannvirki af einhverju tagi.



Eyri-43

Hlutverk: Óþekkt, leikstaður

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Rúmlega 160m norðvestur af íbúðarhúsinu á Eyri og beint norðvestur af gamla túninu er tóft.

Lýsing

Tóftin er upp við klöpp sem er austurveggur hennar og er hún 2x3m að utamáli. Hún snýr NV/SA og er opið mót NV. Veggir eru grasi grónir, lágir eða 10-20sm og rétt rúmlega 50sm breiðir. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið leikstaður barna.

Eyri-44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: *Engin hætta. Hætta skal endurmetin ef farið verður í framkvæmdir á svæðinu.*

Staðhættir

Fram á sjávarbakka um 220m norðvestur af íbúðarhúsinu er lágur hóll.

Lýsing

Hóllinn er 4x2,5m að ummáli, sléttur að ofan og um 50sm hár. Engin veggjalög eru greinileg en hóllinn sker sig úr umhverfi vegna litamismunar á gróðri. Þétt upp við hólinn að vestan er girðing. Bæði gróðurfur og það hve hóllinn er sléttur að ofan getur bendir til að um mannvirki kunni að vera að ræða en það verður þó ekki fullyrt.



Mynd 18. Hóll (nr. 44) fremst á sjávarbakka. Horft er til norðausturs.

Eyri-45

Sérheiti: Hlaðhamar

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild


Staðhættir

Hlaðhamar heitir klettur sem skagar út í sjó um 560m norðaustur af íbúðarhúsinu. Þar var landing áður fyrr samkvæmt heimildamanni (munnl. heimild. Elísabet Benediktsdóttir. 09.09.14).

Lýsing

Engin ummerki um landingu fundust við Hlaðhamar.

Minjar utan skráningarsvæðis



Eyri-46

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í brekkunni ofan bæjar og ofan þjóðveg, um 130m suðvestur af íbúðarhúsinu eru tvær grjóthlaðnar tóftir. Austari tóftin liggur austur undir klettum sem þarna eru.

Lýsing

Tóftin liggur austur/vestur og hafa dyr eða hlið snúið til norðurs. Hún er 4x5m að utanmáli, grasi gróin en veggir grjóthlaðnir og sér í hleðslur, einkum inn í tóftinni. Vegghleðslur eru að hluta hrundar en veggir eru annars nokkuð stæðilegir 30-80sm háir og mest um 1m á breidd.

Eyri-47

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í brekkunni ofan bæjar og ofan þjóðveg (um 25m), um 130m suðvestur af íbúðarhúsinu eru tvær grjóthlaðnar tóftir. Vestari tóftin liggur norðaustan og neðan við kletta.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV og er hlaðinn upp við klett sem er SV-veggur tóftar. Dyr eða hlið hefur verið til NA. Veggir eru grjóthlaðnir og eru hleðslur töluvert hrundar. Þær eru 40-100sm háar og um 1m á breidd, grónar grasi, mosa og lyngi. Utanmál er um 4,5x5m.



Óstaðsettar og horfnar minjar

Eyri-48

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Íbúðarhúsið á Eyri er frá 1912 (nr. 5) og ekki er vitað hvar bærinn stóð áður en það var byggt en ekki er ólíklegt að bærinn hafi staðið á sama stað eða svipuðum stað og íbúðarhúsið í dag.

Lýsing

Í úttektum 1849 og 1903 er getið um gömul bæjarhús sem búið var að rífa 1903 og reisa í staðinn íbúðarhús (nr. 2) úr timbri með a.m.k. einum grjótvegg (Hrepp22. Rey-3-2; Stofn 131. Múl. 46-16). Ekki er ólíklegt að bærinn hafi staðið á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið stendur í dag á syðri bakka bæjarlækjarins.

Aðrar upplýsingar

Heimildir um torfbæinn sem var í notkun áður en núverandi íbúðarhús var byggt snemma á 20. öld er að finna í úttektum og er svo lýst:

Í úttekt frá 1879 er mat á húsum eins og þau voru 1842: Baðstofa, búr. eldhús, göng, bæjardyr, skemma, fjós (Hrepp22. Rey-3-2).

Í úttekt 1879: Breytingar frá 1842 voru nýjar bæjardyr (Hrepp22. Rey-3-2).

Úttektargjörð 1903: Búið var að rífa gamla bæinn og byggja nýtt hús (Stofn 131. Múl. 46-16).

Eyri-49

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 er lýsing á íbúðarhúsi sem reist hafði verið í stað bæjarhúsa þeirra sem getið er í úttekt frá 1879. Í úttektinni segir [með breyttri stafsetningu]: „Með því að fráfarandi Þorleifur Jónsson, hafi látið rífa bæjarhús þau sem áður fylgdu jörðinni, að undanskyldum 3 fjósi, hlöðu og fjárhúsi, en látið liggja í þeirra stað eitt íbúðarhús, þá krefst hann að skilað verði sem næst sama rúmmáli í íbúðarhúsinu eins og hin niðurlögðu bæjar eða jarðarhús hafa haft að innanmáli þannig að veggir og húsgrind íbúðarhússins með þaki, komi nú í stað veggja og víða hinna gömlu húsa með nauðsynlegum skilrúmum og fullu álagi.“ (Stofn 131. Múl. 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað hvar þetta hús stóð og hvort það hafi verið rífið eða hvort að núverandi íbúðarhús sé byggt upp úr því eða á grunni þess.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1903 er eftirfarandi lýsing á húsinu [stafsetningu og orðum stundum breytt]: **Íbúðarhús fráfaranda af eftirfarandi stærð og gjörð:** lengd 14 álnir og breidd 6 álnir að utanmáli. Veggjahæð 4 $\frac{3}{4}$ alin, öll hæð í mæni 7 $\frac{1}{4}$ alin, með 18 stoðum (5+5), 2 lausholtum, 9 bitum (4+5), 9 sperrum (3+4) með nægilegum skástífum fótstykkjum, undirlögum og höfuðbitum. Plægt timburgólf er yfir kjallararum á báðum hliðum og útstafni hússins [svo]. Tvöfaldur þilveggur úr plægðum heilborðum utan og flettingum plægðum að innan og stopp á milli, en fyrir framstafni grjótveggur upp að portbita loftþéttur, en fyrir ofan portbita á báðum

endum tvöfalt þil af sömu gerð og þilveggirnir, þak hússins á að vera með óplægðum borðum að utan og tjörupappa yfir, að innan með plægðum panelborðum og stopp á milli. Á húsinu eru 4 ½ gluggafög niðri og uppi 3 gluggafög, með 2 skilrúmum niðri og 1 uppi og 4 hurðum á járnum. Til þess að hús þetta geti heitið í forsvaranlegu standi og með tilliti til ásigkomulegs þess sem það er í nú, þar sem vantar pappa á þakið með stikkum [stykkjum?], panel í útstafni orðið mjög fúíð og sömuleiðis efri þilveggur í útenda hússins, eyrun af tveimur bitunum fúin af og allt húsið að öðru leyti gallað, þá gjörist álag kr. 275. (Stofn 131. Múl 46-16).

Eyri-50

Hlutverk: Skúr

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 segir: „Skúr við efri hlið hússins með skilrúmi og 2 hurðum.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu skúrsins en ekki er ólíklegt að íbúðarhúsið hafi staðið á sama eða svipuðum stað og íbúðarhúsið stendur í dag.

Eyri-51

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 segir: „Kofi við bæjarþorpið.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað nákvæmlega hvar kofinn var.

Eyri-52

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 er mat á húsum eins og þau voru 1842: Baðstofa, búr. eldhús, göng, bæjardyr, skemma, fjós og hlaða (Hrepp22. Rey-3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar skemman stóð. Þó er ekki ólíklegt að hún hafi staðið á bæjarhólnum eða í námunda við hann.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1879: „**Skemma**, 7 ½ al. löng, 3 ½ al. breið, 5 ½ al. há með 8 stöfum, 4 bitum, 4 sperrum, lausholtum og langböndum á hvorri hlið og mæniás, alt undir reisifjöl, súðpil framanundir með vindskeiðum og aurstokk, hurð á járnum. In núverandi, sem var nokkuð styttri en ívið breiðari og talsvert hærri og undir súð, var álitin jafn rúmmikil, en fyrir fyrningu gjörn álag 10 kr.“ (Hrepp22. Rey-3-2).

Eyri-53

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 er mat á húsum eins og þau voru 1842: Baðstofa, búr. eldhús, göng, bæjardyr, skemma, fjós og hlaða (Hrepp22. Rey-3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar skemman stóð en hefur mögulega verið á sama stað og eldri skemman (nr. 52). Þó er ekki ólíklegt að hún hafi staðið á bæjarhólnum eða í námunda við hann.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1879: „Skemma, 7 ½ al. löng, 3 ½ al. breið, 5 ½ al. há með 8 stöfum, 4 bitum, 4 sperrum, lausholtum og langböndum á hvorri hlið og mæniás, alt undir reisifjöl, súðpil framanundir með vindskeiðum og aurstokk, hurð á járnum. **In núverandi [svo]**, sem var nokkuð styttri en ívið breiðari og talsvert hærri og undir súð, var álitin jafn rúmmikil, en fyrir fyrningu gjört álag 10 kr.“ (Hrepp22. Rey-3-2).

Eyri-54

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 er mat á húsum eins og þau voru 1842: Baðstofa, búr. eldhús, göng, bæjardyr, skemma, fjós og hlaða (Hrepp22. Rey-3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlaðan stóð.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1879: „**Hlaða**, 10 álna löng, 3al. á breidd, 5 al. á hæð, vegglægjur beggja vegna, 4 sperrur með 4 skammbitum, 2 langböndum á hvora hlið og mæniás. Undir hellusúð. **In núverandi [svo]** af sömu stærð undir súð, álag metið 4 kr.“ (Hrepp22. Rey-3-2).

Eyri-55

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 er mat á húsum eins og þau voru 1842: Baðstofa, búr. eldhús, göng, bæjardyr, skemma, fjós og hlaða (Hrepp22. Rey-3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlaðan stóð.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1879: „Hlaða, 10 álna löng, 3al. á breidd, 5 al. á hæð, vegglægjur beggja vegna, 4 sperrur með 4 skammbitum, 2 langböndum á hvora hlið og mæniás. Undir hellusúð. **In núverandi [svo]** af sömu stærð undir súð, álag metið 4 kr.“ (Hrepp22. Rey-3-2).

Eyri-56

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 segir: „Hlaða uppá túni.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlaðan stóð en mögulega eru minjar sem skráðar eru nr. 6 leifar hlöðunnar.

Eyri-57

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 segir: „Hlaða fram á túni.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlaðan stóð en mögulega eru minjar nr. 17 eða 18 leifar hlöðunnar.

Eyri-58

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1916 eru skráðar **tvær hlöður fyrir 170 hesta** (Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands: Fasteignamat 1916-1918).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlöðurnar voru en mögulega er önnur hlaðan sú sama og getið er í úttekt frá 1879 (sjá nr. 54 og 55). Hugsanlega eru minjar nr. 6, 17 eða 18 leifar hlöðu.

Eyri-59

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1930 segir: „Hlöður 245 m² 1 yfir 350 hesta, timbur. og kjallara, járnþak.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlöðurnar stóðu en mögulega er hlaðan sú sama og fyrr eru skráðar (sjá nr. 56 og 57). Hugsanlega eru minjar nr. 6, 17 eða 18 leifar hlöðu.

Eyri-60

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1930 segir: „Hlöður 245 m² 1 yfir 350 hesta, timburv. og kjallara, járnþak.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hlöðurnar stóðu en mögulega er hlaðan sú sama og fyrr eru skráðar (sjá nr. 56 og 57). Hugsanlega eru minjar nr. 6, 17 eða 18 leifar hlöðu.

Eyri-61

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 er lýsing á fjósi úr úttekt frá árinu 1842: „**Fjós**, 6 ¼ al. langt, 3 1x/2 al. breidd, 4 al. hátt, með 6 stoðum, 3 sperrum, 2 bitum, lausholtum og tvennum langböndum og mæniás. Upprefti af þéttu greni. Í stað þessa húss, sem ekki var til, tók viðtakandi eftir samkomulagi við frávíkjanda við sumarfjósi með álagi sem metið var 8kr.“ (Hrepp 22. Rey 3-2).

Lýsing

Staðsetning fjóssins er óþekkt. Þó er ekki ólíklegt að bærinn hafi staðið á svipuðum slóðum og hann stendur í dag og algengt var að fjósið væri byggt við eða í námunda við bæinn. Fjósið var horfið 1879 (Hrepp 22. Rey 3-2)

Aðrar upplýsingar

Sama lýsing er á fjósinu í úttekt frá 1903 nema þar segir: „(...) í stað þessa húss sem ekki er til, tekur viðtakandi eftir samkomulagi við fráfarandi við sumarfjósi af svipaðri stærð fyrir galla á þaki og vöntun víða gjörast álag kr. 12.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Eyri-62

Hlutverk: Sumarfjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 segir: „Í stað þessa húss [átt er við fjósið úr úttekt frá 1842], sem ekki var til, tók viðtakandi eftir samkomulagi við frávíkjanda við **sumarfjósi** með álagi, sem metið var 8 kr.“ (Hrepp 22. Rey 3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar sumarfjósið stóð en mögulegt er að minjar nr. 6, 17 eða 18 séu leifar fjóss.

Eyri-63

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1916 er skráð hesthús fyrir 2 hesta (Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands: Fasteignamat 1916-1918). Í fasteignamati frá 1930 segir að hesthúsið sé rafthús (Stofn38. SMúl-134-1).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hesthúsið stóð en mögulegt er að minjar nr. 5, 6, 17 eða 18 séu leifar hesthússins.

Eyri-64**Hlutverk:** Geymsla**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1916 er getið um geymsluhús 5x6 ál. að stærð (Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands: Fasteignamat 1916-1918).

Lýsing

Ekki er getið í heimildum hvar geymslan var en í upptalningu í fasteignamati er hún talin upp á milli íbúðarhúss og fjóss sem gæti bent til þess að hún hafi annaðhvort verið í íbúðarhúsinu eins og fjósið eða við það.

Eyri-65**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í úttekt frá 1903 segir: „Fjárhús uppá túni.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað hvað fjárhúsin stóðu en miðað við orðalag er ekki ólíklegt að þau hafi verið í túninu ofan eða norðan íbúðarhússins. Mögulega eru minjar nr. 5 eða 6 leifar fjárhúsa.

Eyri-66**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1916 er skráð fjárhús fyrir 180 fjár (Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands: Fasteignamat 1916-1918).

Lýsing

Ekki er vitað hvar fjárhúsin stóðu stóð en mögulega eru minjar nr. 5, 6, 17 eða 18 leifar fjárhúsa.

Eyri-67**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1930 segir: „Fjárhús fyrir 150 fjár 2 hús annað tvístætt, tóft, þil, járnþak, grindur.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Lýsing

Ekki er vitað hvar fjárhúsin stóðu stóð en mögulega eru minjar nr. 5, 6, 17 eða 18 leifar fjárhúsa.

Eyri-68

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 segir: „Í stað óunninna jarðabóta var nú við þessa úttekt (1879) eftir samkomulagi frávíkjanda, viðtakanda og þess er var fyrir hönd umboðsmanns, lagt til jarðarinnar **fjárhús, sem eigi hefir fyrri fylgt**, og skal viðtakandi svara til þess í forsvaranlegu standi, 9 álna langt og 5 al. á breidd með garða og nægu upprefti og stoðum, og er áætlað að það þá rúmi um 30 fjár.“ (Hrepp 22. Rey 3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar fjárhúsin stóðu en mögulega eru minjar nr. 5, 6, 17 eða 18 leifar fjárhúsa.

Eyri-69

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat:

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 segir: „Síðan voru metin þessi hús, frávíkjanda tilheyrandi: **fjárhús með hlöðu**, metið 38 kr. hjallur metinn 30kr.“ (Hrepp 22. Rey 3-2).

Lýsing

Ekki er vitað hvar fjárhúsin stóðu en mögulega eru minjar nr. 5, 6, 17 eða 18 leifar fjárhúsa.

Eyri-70

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903 segir: „Fjárhús fram á túni.“ (Stofn131. Múl 46-16).

Lýsing

Ekki er vitað hvar fjárhúsin stóðu en mögulega eru minjar nr. 17 eða 18 leifar fjárhúsa.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1903 segir: „Fjárhús fram á túni. 19 álna langt og 5 álnir breidd með garða og nægilegu upprefti og stoðum, og er áætlað að það rúmi 30 fjár, fyrir galla á veggjum og vöntun víða og ónógu þaki, gjörast álag kr. 14.“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Eyri-71

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1879 segir: „Síðan voru metin þessi hús, frávíkjanda tilheyrandi: fjárhús með hlöðu, metið 38 kr. hjallur metinn 30kr.“ (Hrepp 22. Rey 3-2).

Lýsing

Ekki er getið í heimildum hvar hjallurinn stóð.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1930 segir: „Hjallur gamall og hrörlegur.“ (Stofn 38. S-Múl 134-1).

Eyri-72

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1903: „Í túnasléttu skilar fráfarandi 426 ferföðmum eru þá innifaldir 35 ferfaðmar sléttaðir fyrir framan, bæjarlæk en hin sléttan er fyrir utan lækinn, vantar þá 54 ferfaðma uppá hina tilskyldu túnasléttu samkvæmt byggingarbréfi fráfaranda (...).“ (Stofn 131. Múl 46-16).

Lýsing

Beðasléttur (sjá nr. 8) eru innan við bæjarlækinn en engar sléttur fundust utan hans og hafa þær líklega horfið við seinni tíma jarðvinnslu.

Eyri-73

Sérheiti: Réttarklettur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eyrar segir: „Ytri-Á kemur utan og ofan af Hrossahjalla; næst fyrir innan hana er Eyrará. Fyrir innan Eyrará er Hlaðhamar, þar næst er Guðnýjareyri, þar næst er Réttarklettur; á honum hefur verið rétt.“ (Örnefnaskrá Eyrar, 1).

Lýsing

Réttin fannst ekki við vettvangsskráningu.

Minjar yngri en 100 ára



Mynd 19. Brúin yfir bæjarlækinn er fremst á myndinni, nú hrunin og að henni liggur upphlaðinn vegur sem lá að fjárhúsunum.

Eyri-74

Hlutverk: Brú

Tegund: Tréverk

Staðhættir

Brú var yfir bæjarlækinn um 40m norðvestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Brúin er ónýtt en leifar hennar eru enn við bæjarlækinn og hefur hún verið byggð úr rekavið. Óvíst er hvenær brú var fyrst sett á lækinn en þessi brú hefur verið akfær og því mögulega ekki verið gerð fyrr en um miðja 20. öld (Ferguson traktor með sláttuvél kom að Eyri 1949 (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174). Þó gæti verið að lækurinn hafi verið brúaður fyrr þar sem leiðin að fjárhúsunum lá þarna um.

Eyri-75

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Vegur liggur frá bæjarhlaðinu til vesturs að bæjarlæknum þar sem hann var brúaður (sjá mynd nr.). Vegurinn liggur svo áfram til vesturs frá læknum og síðan upp á mel þar sem að fjárhúsin stóðu. Vegurinn er upphlaðinn á tæplega 20m kafla þar sem hann liggur frá bæjarhlaðinu niður (til vestur) í átt til lækjar. Hann er mest tæpir 3m á breidd. Óvíst er hversu gamall vegurinn er en hann hefur verið bílfær að minnsta kosti síðustu árin á meðan Eyri var í byggð. Fyrsta dráttarvélin kom að Eyri 1949 og 1956 var Willys jeppi notaður við búskap og til pósthæðna eftir að akfær vegur kom að Eyri (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, 174).

Eyri-76**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Þústir**Staðhættir**

Um 80-140m norðvestur af íbúðarhúsinu, vestan lækjar, er rutt svæði þar sem eru grjót og þústir, leifar mannvirkis.

Lýsing

Svæðið er um 25x60m að ummáli.

Engir veggir eru greinanlegir en grjót og þústir eru á dreif um svæðið og bútur af steinsteypu með áföstu bárujárni. Í myndatexta í Sveitum og jörðum kemur fram að húsin hafi verið byggð 1950 og 1960. Þau voru steinsteyppt með grindum, f. 300 fjár. (Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi, 174).



Mynd 20. Horft er til austurs. Fremst á myndinni er slétt svæði þar sem fjárhús stóðu áður.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru fornleifar í landi Eyrar í Reyðarfirði vegna breytinga á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027. Sett hefur verið fram tillaga að sérhæfðu hafnar- og iðnaðarsvæði sem er í heild 112 ha (skv. fyrirbyggjandi greinargerð) en skráningarsvæðið var um 77ha að stærð (mælt af loftmynd).

Alls voru skráðar 73 minjar, þar af voru 47 skráðar á vettvangi í júní 2014. 26 minjar voru skráðar upp úr heimildum en fundust ekki á vettvangi og ekki var því ekki unnt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni. Þó er líklegt að flestar þeirra hafi verið innan gamla túnsins (sjá meðfylgjandi kort) eða í námunda við það, s.s. íbúðarhús (nr. 49), gamli torfbærinn (nr. 48), útihús (nr. 50-71) og beðasléttur (nr. 72). Þó þessar minjar séu horfnar af yfirborði ber að hafa í huga að þær geta, sem og eldri minjar, enn leynst í jörðu. Heimildir um mannvirkni á Eyri voru einkum úttektir og fasteignamat jarðarinnar frá lokum 19. og byrjun 20. aldar. Heimildirnar geta fjölmargra mannvirkja s.s. fjárhúsa, fjósa og hlaða og ekki er hægt að útiloka að sömu byggingar komi fyrir oftár en einu sinni í fornleifaskránni. Einnig getur verið að minjar sem skráðar eru á vettvangi séu leifar einhverra þeirra minja sem skráðar eru úr heimildum. Til dæmis gæti tóft nr. 5 sem skráð er sem fjárhús eða hesthús verið leifar fjárhúss sem skráð er nr. 65 eða hesthúss nr. 63.

Minjarnar sem skráðar voru eru flestar hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld auk minja um sjósókn. Á Eyri eru aðeins þrennar byggingar enn standandi, íbúðarhús frá 1912 og súrheysgryfja og fjós frá því um 1950. Örfáar tóftir eru innan gamla túnsins (sjá nr. 5, 14, 15 og 16) auk matjurtagarðs (nr. 12), skurða (nr. 10 og 11), mögulegra mylluleifa (nr. 13), beðaslétta (nr. 8) og annarra óskilgreindra minja (nr. 6, 7, 9, 17-18). Minjar utan túns eru heillegri s.s. tóftir nr. 24 og 29, Eyrarstekkur (nr. 27 og 28) mógrafir (nr. 22, 25 og 26) og torftökustaður (nr. 19). Á Biskupshöfða eru áhugaverðar og vel varðveittar minjar (nr. 31-42) húsmannsbýlis og hugsanlega beitarhúsa frá Eyri. Einnig eru nokkrar óskilgreindar minjar utan túns (sjá nr. 20-21, 23-24, 43-44). Aftast í skýrslunni eru skráðar „minjar“ frá 20. öld sem ekki teljast til fornleifa en er getið í skýrslunni vegna þess að þær eru sjáanlegar (nr. 74-76). Þær fá ekki kennitölu eins og aðrar minjar sem skráðar voru á vettvangi en hnit þeirra eru gefin upp í hnitatöflu aftast í skýrslu.

Ástand minja er metið á vettvangi eftir stöðlum Minjastofnunar frá 2013. Af þeim 47 minjum sem skráðar eru á vettvangi töldust tvær „heillegar“, 22 „vel greinanlegar“, 16 „greinanlegar“ og sex eru „illgreinanlegar“. Þá var skráð lending án þess að ástand hennar væri metið sem slíkt.

Hættumat

Eingöngu er að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og því liggur ekki fyrir nánari útfærsla á starfsemi á svæðinu. Í greinargerð um breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 kemur fram að gert sé ráð fyrir allt að 900.000m³ olíubirgðastöð á svæðinu. Ljóst er að bygging bygging svo umfangsmikilla mannvirkja og framkvæmda í tengslum við það myndu hafa veruleg áhrif á fornleifar á svæðinu. Þegar nánari útfærsla svæðisins liggur fyrir þarf að endurmeta hættumatið.

Engar heimildir eru um elstu byggð á Eyri og minjar sem skráðar voru ekki mjög fornlegar. Hinsvegar má búast við að þar hafi verið búið frá fornu fari og eldri byggðaleifar finnist þar víða í jörðu. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem er endanlegur umsagnaraðili um væntanlegar framkvæmdir og mótvægisaðgerðir til verndar minjum.

Heimildir

Ármann Halldórsson (ritstj.) (1976). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi*. Seltjarnanes: Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (sáu um útgáfu) (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Óprentaðar heimildir

Hrepp 22. Rey 3-2.

Stofn 131. Múl 46-16

Stofn 131. Múl 46-18

Stofn 38. S-Múl 134-1

Túnakort Eyrar, Reyðarfjarðarhreppi, S. Múlasýslu. Höf. ekki skráður. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrá Eyrar. Stefán Einarsson skráði eftir Jóni Bóassyni. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Heimasíður

Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 16.07.14.

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. *Fateignamat 1916-1918 – Yfirmat; Múlasýsla – suður*. www.myndir.handrit.is. Skoðað 16.07.14.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 07.08.14.

Heimildamenn

Elísabet Benediktsdóttir f. 1960.

Halldór Jónasson f. 1959.

Fylgiskjöl


Eyri 2014 - hnitaskrá

nr	fvrnr	sérheiti	tegund	tegund annað	hlutverk	hlutverk annað	aldur frá	aldur til	ástand	hættumat	veggh. frá	veggh. til	austun	norðun
1	14668		hóll		bæjarhóll		1000		vel greinanleg	engin hætta	0.0	3.0	735214	510330
2	14669	Eyri	hús		íbúðarhús		1912	stendur enn	heilleg	engin hætta	0.0	0.0	735237	510323
3	14670		heimild		fjós		1912	1950	heilleg	engin hætta	0.0	0.0	735239	510320
4	14671		hleðsla		óþekkt		1800	1950	greinanleg	engin hætta	0.3	0.6	735224	510329
5	14672		tóft		fjárhús	hesthús	1700	1900	greinanleg	engin hætta	0.0	0.2	735224	510291
6	14673		dæld		óþekkt		1000	1950	illgreinanleg	engin hætta	0.0	0.2	735190	510285
7	14674		niðurgröftur	lind	vatnsból	brunnur	1000	1964	greinanleg	engin hætta	0.0	0.2	735133	510326
8	14675		hryggur		beðslétta		1840	1930	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.3	735193	510398
9	14676		dæld		óþekkt		1800	1950	greinanleg	engin hætta	0.0	0.3	735187	510360
10	14677		niðurgröftur		óþekkt	framræsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.3	0.4	735236	510411
11	14678		niðurgröftur		óþekkt	framræsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.3	735229	510383
12	14679		garðlag		matjurtagarður		1850	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.3	735284	510413
13	14680		niðurgröftur		óþekkt	mylla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.0	735295	510416
14	14681		tóft		sjóhús		1800	1950	greinanleg	engin hætta	0.0	1.0	735317	510445
15	14682		tóft	garðlag	hrútakofi		1850	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.3	0.8	735326	510435
16	14683		garðlag		rétt		1850	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.3	0.8	735338	510437
17	14684		gróðurbreytingar		óþekkt		1000	1960	illgreinanleg	engin hætta	0.0	0.0	735283	510393
18	14685		gróðurbreytingar		óþekkt		1000	1960	illgreinanleg	engin hætta	0.0	0.0	735274	510376
19	14686		niðurgröftur		torftökustaður	mógröf	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.0	0.5	735486	510459
20	14687		hleðsla		óþekkt		1000	1900	greinanleg	engin hætta	0.0	0.6	735737	510375
21	14688		steinalögn		óþekkt		1000	1960	greinanleg	engin hætta	0.0	0.3	735727	510307
22	14689		niðurgröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.0	1.5	735623	510141
23	14690		hóll		óþekkt		1000	1950	illgreinanleg	engin hætta	0.0	0.0	735009	510444
24	14691		tóft		óþekkt		1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	0.2	0.5	734872	510476
25	14692		niðurgröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.7	0.9	734762	510527
26	14693		niðurgröftur		mógröf		1700	1920	greinanleg	engin hætta	0.0	0.6	734637	510379
27	14694	Eyrarstekkur	tóft		stekkur	híbýli	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.2	0.4	734586	510393
28	14695	Eyrarstekkur	tóft		óþekkt	stekkur	1500	1900	greinanleg	engin hætta	0.0	0.2	734588	510391
29	14696		tóft		óþekkt		1500	1900	greinanleg	engin hætta	0.3	0.5	734567	510426
30	14697		tóft		híbýli		1700	1920	vel greinanleg	engin hætta	0.4	1.2	734640	510659
31	14698		tóft		útihús	fjárhús	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta	0.2	1.2	734623	510647

Eyri 2014 - hnitaskrá

32	14699		tóft		óþekkt	útihús	1700	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.3	0.8	734654	510593
33	14700		tóft		óþekkt	sjóhús, sjóbúð	1700	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.3	1.2	734570	510623
34	14701		þúst		óþekkt		1500	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.0	0.3	734577	510613
35	14702		niðurgröftur		óþekkt		1500	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.0	0.4	734567	510607
36	14703		tóft	garðlag	óþekkt		1500	1900	greinanleg	engin hætt	0.1	0.3	734598	510603
37	14704		garðlag		túngarður		1700	1920	vel greinanleg	engin hætt	0.3	0.7	734680	510603
38	14705		niðurgröftur		óþekkt	brunnur, vatnsból	1500	1900	greinanleg	engin hætt	0.0	0.2	734635	510590
39	14706		tóft		óþekkt		1000	1800	greinanleg	engin hætt	0.1	0.3	734680	510681
40	14707		tóft		óþekkt		1000	1800	greinanleg	engin hætt	0.1	0.4	734678	510674
41	14708		niðurgröftur		torftökustaður		1700	1900	greinanleg	engin hætt	0.0	0.2	734669	510664
42	14709		þúst		óþekkt		1500	1900	illgreinanleg	engin hætt	0.0	0.0	734688	510622
43	14710		tóft		óþekkt	leikstaður	1800	1950	greinanleg	engin hætt	0.1	0.2	735149	510470
44	14711		hóll		óþekkt		1000	1950	illgreinanleg	engin hætt	0.0	0.5	735141	510525
45	14712	Hlaðhamar	heimild		lending		1000	1950	ómetið	engin hætt	0.0	0.0	735737	510573
46	14713		tóft		óþekkt	kofi	1800	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.3	0.8	735162	510205
47	14714		tóft		óþekkt	rétt	1700	1900	vel greinanleg	engin hætt	0.4	1.0	735135	510226
74			brú		tréverk	rétt	1900	1980	vel greinanleg	engin hætt			735197	510345
75			leið		gata	rétt	1900	1980	vel greinanleg	engin hætt			735208	510344
76			fjárhús		þúst, heimild	rétt	1950	1980	illgreinanleg	engin hætt			735148	510413

Eyri - fornleifaskráning vegna breytinga á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027



Eyri - yfirlitsmynd

N



Loftmyndir ehf.

Eyri - minjar í og við tún



Eyri - túnakort
Höf. ekki skráður

Norðurör eins
og hún snýr á
túnakorti



2

0 25 50 75 100
m



Loftmyndir ehf.

Biskupshöfði - túnakort

Höf. ekki skráður.

Norðurör eins
og hún snýr á
túnakorti



0 10 20 30 40 50
m